

## AUGLÝSING

### um deiliskipulagsmál í Akraneskaupstað.

#### *Álmskógar 17.*

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkti 9. september 2025 breytingu á deiliskipulagi Skógarhverfis, 1. áfanga, vegna Álmskóga 17. Í breytingunni felst að heimiluð verði bygging áfasts sólskála við vesturhlíð hússins að lóðarmörkum Álmskóga 15, stækkun byggingarreits um 22 fm en nýtingarhlutfall er óbreytt.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

#### *Sólmundarhöfði 7.*

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkti 9. september 2025 breytingu á deiliskipulagi Sólmundarhöfða, vegna Sólmundarhöfða 7. Í breytingunni felst að heimilt verði að setja allt að 3,2 m fjarskiptamastur á núverandi lyftustokk hússins

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

#### *Suðurgata 106.*

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkti 9. september 2025 breytingu á deiliskipulagi Sementsreits, vegna Suðurgötu 106. Í breytingunni felst að heimilt verður að hafa 6 íbúðir í stað 4 íbúða, nýtingarhlutfall eykst og verður 0,74 í stað 0,65, byggingarreitur stækkar í suður og verður 264 fm í stað 237 fm og heimilt byggingarmagn verður 528 fm en var áður 475 fm.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

#### *Æðaroddi 33.*

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkti 9. september 2025 breytingu á deiliskipulagi Æðarodda, vegna Æðarodda 33. Í breytingunni felst að heimiluð verði minni háttar skerðing á norðurhorni lóðar nr. 33 vegna reiðleiðar.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr., með vísun í 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

*Akranesi, 15. september 2025.*

**Halla Marta Árnadóttir** skipulagsfulltrúi.

---

B deild - Útgáfudagur: 29. september 2025